

Lög sem þarf að endurskoða

208.mál

2. tölul.4.gr.laga nr 50/1988 um virðisaukaskatt sem er á þessa leið:
Listamenn eru undanþegnir skattskyldu, sbr.2.tölul.4.gr.vskl., að því er varðar
sölu þeirra á eigin listaverkum sem falla undir vörulið 9701 til 9703 í tollskrá.
Eftirfarandi listaverk falla hér undir:

1. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti,
þó ekki:

- A) uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði,
iðnaði,viðskiptum,landslagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk;
- B) hadskrifaður texti;
- C) ljósmyndir á ljósnæman pappír;
- D) handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.

2. Klippimyndir og áþekk veggskreytispjöld

3. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti þ.e myndir sem þrykkar eru
beint í svörtu og hvítu með einni eða fleir plötum sem listamaðurinn hefur gert að
öllu leyti í höndum án tillit til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki
með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.

4. Frumverk af höggmyndum og myndastyttum úr hverskonar efni. Til þessa
teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða **venjulegar
handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru**. Rammar um málverk,
teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytispjöld, stungur,
þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af þessum vörum enda séu þeir að gerð
og verðmæti í eðlilegu samræmi við þær.

(tilvísun í bréf frá Skattstjóranum í Rvk 29. Júní 2009)

Lögin eru frá 1988 og er augljóst að þau eru ekki í takt við nútímann.

Skilgreining á list hefur tekið stórfelldum breytingum frá því árið 1988.

Listgreinar renna nú oft saman og er ekki eins einfalt og áður að staðsetja
listaverk og flokka .

Það er réttlætismál að listamenn sitji allir við sama borð .Eins og lögin eru útfærð
í dag er það í verkahring tollvarða að ákvarða hvað sé list og ekki list.

Það á ekki að vera í verkahring tollayfirvalda eða velta á færni lögmanna hverjir
teljast listamenn og þar með undanþegnir virðisaukaskatti og hverjir ekki.

Hvað réttlætir það að bækur (fyrir utan hljóðbækur) og tónlist beri 7 % vsk en listamaður sem hannar, framleiðir og selur t.d listmuni sem eru til nytja, eigi að greiða 25.,5 % vsk? Er það vegna þess að *slík vara telst vera "venjuleg handiðnaðarvara sem hefur einkenni verslunarvöru"*. Þetta stríðir gegn jafnræðisreglu vegna þess að allir listamenn þurfa að selja vöru/produkt sitt sama á hvaða sviðið þeir starfa.

Það er réttlætismál og ætti að skoðast með jafnræðisreglu í huga, að listamenn fái að njóta sannmælis og séu ekki flokkaðir eftir því hvaða grein listarinnar þeir þjóna.

Huga verður að því að gera starfsumhverfi á Íslandi lífvænlegt fyrir listafólk að starfa í (svipað og er á Norðurlöndunum). Fjárhagslega er það hagkvæmt fyrir þjóðarbúið eins og kemur skýrt fram í nýrri skýrslu um **Hagræn áhrif skapandi greina..**vefsíða?

25.5.% virðisaukaskattur er einyrkjum sannarlega þrándur í götu. Gera verður fólki kleift að framfleyta sér með eigin vinnuframlagi í stað styrkja, þótt gaman væri að gera smánaburð einnig þar við hin Norðurlöndin. Markhópur flestra einyrkja á Íslandi er konur í millistétt, (kennarar, hjúkrunarfræðingar). Varan er dýr í framleiðslu þar sem hún er handgerð að öllu leyti og yfirleitt framleidd þannig að enginn einn gripur er alveg eins og annar. Ef ofan á vöruna á svo að leggjast 25,5% virðisaukaskattur er rekstrargrunvellinum kippt undan framleiðslunni og margir munu hrökklast af markaðnum.

Við viljum að litið sé til Norðurlanda varðandi starfsumhverfi og aðbúnað listamanna.

Danskir listamenn mega selja fyrir 300.000 dkr. Svíar setja myndlist og handverk í einn flokk og kalla einfaldlega "work of art" og leggja á þann flokk 12 % skatt. Finniskir listamenn hafa tekjumarkið 8500 evrur. Allar þessar þjóðir virðast láta listafólkinu sjálfu eftir skilgreiningar á því hvað sé list.

Danmörk:

Tekið af vef <http://www.culturalpolicies.net/web/denmark.php?aid=515>

http://www.skm.dk/tai_statistik/satser_og_beloeb/225.html

"an artist or the artist's heirs, who sell their own works of art for the first time, do not have to register for VAT when the sale does not exceed DKK 300000 either in the current or the previous calendar year (VAT Law §49, 2, No 2 , inserted through Law No 375 of May 1994, changed through Law No 291 of May 2002)"

Annað áhugavert; Act nr. 1062 of December the 17th 2002 on tax equalization of income from artistic creation made it possible for artists to split their income over different tax years; for example artists with a maximum income of up to 539 000 DKK per year can store the amount for up to 10 years for later taxation.

Finnland

tekið af vef <http://www.culturalpolicies.net/web/finland.php?aid=515>

The VAT on sales of (not-exported) work of art, by artists or by individual owners of artist's rights, is 8%. Er list ekki flokkuð í Finnlandi í list og listhandverk?

Svíþjóð

tekið af http://ec.europa.eu/youreurope/business/managing-business/paying-taxes/sweden/index_en.htm

12 percent VAT on, for example, groceries, hotels and works of art sold directly by an artist;

Fh.

Listakvemma í Kirsuberjatrénu,

Vesturgötu 4,

101 Reykjavík


Ólaf Erla Bjarnadóttir, kt. 200554 5319

og

Valdís Harrýsdóttir, kt. 201259 3989

